



Fundargerð stjórnar HSÍ

Miðvikudaginn 6. nóvember 2024



Fimmti fundur 67. stjórnar HSI var haldinn í á skrifstofu HSI, miðvikudaginn 6. nóvember 2024 kl. 12.00.

Mætt voru: Bjarni Ákason, Guðmundur B. Ólafsson, Guðríður Guðjónsdóttir, Inga Lilja Lárusdóttir, Kristín Þórðardóttir, Kristján Gaukur Kristjánsson, Ólafur Örn Haraldsson, Páll Þórólfsson, Ragnar Lárus Kristjánsson, Reynir Stefánsson og Sigurborg Kristinsdóttir. Róbert Geir Gíslason, framkvæmdarstóri HSI sat fundinn og ritaði fundargerð.

Forföll: Alfreð Örn Finnsson

Fjarverandi: Engin

Þetta gerðist:

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar
Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.
2. Skýrsla framkvæmdastjóra og formanns
 - a. Skýrsla formanns
GBO fór yfir fundi sem hann og RG fóru á með HFE annars vegar og hins vegar með danska handknattleikssambandinu varðandi HM31. Það helsta sem kom fram á HFE fundinum var umræða um sjónvarpsmál sem og mögulegar kosningar hjá IHF. Fundurinn með danska sambandinu gekk vel og voru þar fyrstu skrefin tekin í undirbúningi fyrir HM 31. Sorgarfréttir bárust síðan degi eftir fundinn en formaður danska sambandsins lést á föstudagsmorgun og hefur HSI vottað danska sambandinu samúð sína
 - b. Fjármál og bókhald HSI
RG kynnti drög af uppgjöri en bókhaldið er orðið up to date. Reksturs ársins er í járnum og ljóst að tap verður í lok árs en búið er að komast í veg fyrir blæðingar. Útlit fyrir 2025 er betra en ljóst að það þarf að bæta í fjáraflanir
 - c. Staða styrktaraðila
RG kynnti stöðu endurnýjana við styrktaraðila en nokkuð vel gengur að endurnýja samninga
 - d. Verkefni A landsliða
RG fór yfir komandi verkefni hjá A landsliðum karla og kvenna
3. Yngri landslið HSI
RG kynnti stöðu ráðninga á yngri landsliðsþjálfurum karla og kvenna og samþykkti stjórn HSI ráðningarnar
4. Heimasíða HSI
Samningar hafa náðst við 1xInternet um gerð nýrrar heimasíðu og verðu hún tilbúin í vor.
5. Erindi frá Herði
Beiðni barst frá Herði um undanþágu á félagaskiptum. Stjórn HSI ákvað að verða við beiðninni.
6. Búningasamningur HSI
Samningar hafa náðst við Adidas og verður það samstarf gefið út í næstu viku.
7. Önnur mál

Fleira var ekki gert og var fundi slitið.

Róbert Geir Gíslason, fundarritari